

## Erindi\_5.4.2023

Til : Skipulag Akureyrarbær <skipulag@akureyri.is>  
Frá : Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar <sbe@sbe.is>  
Heiti : Erindi\_5.4.2023  
Málsnúmer : 2023040195  
Málsaðili : Skipulags- og byggingaf Eyja bs  
Skráð dags : 05.04.2023 00:00:00  
Höfundur : Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar <sbe@sbe.is>  
Viðhengi [23052\\_Heidin-skipulagslysing-2023-03-21.pdf](#)

You don't often get email from sbe@sbe.is. [Learn why this is important](#)

Góðan dag!

Sveitarstjórnir Svalbarðsstrandarhrepps og Eyjafjarðarsveitar samþykktu á fundum sínum 21. og 30. mars 2023 að vísa skipulagslýsingu fyrir Rammahluta Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 og Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030, sem felur í sér breytingu á núgildandi aðalskipulögum, í kynningarferli samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Rammahluti aðalskipulags er skilgreindur á eftirfarandi hátt samkvæmt 17.mgr. 1.gr skipulagslaga nr. 123/2010:

*„Rammahluti aðalskipulags: Sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að ákvarða nánar landnotkun, svo sem um meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana.“*

Á 379. fundi skipulagsnefndar Eyjafjarðarsveitar þann 28. nóvember 2022 var rætt um mótun skipulagsstefnu fyrir byggðina nyrst í Kaupangssveit. Í framhaldinu var fundað með sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps og þann 6. febrúar sl. ákváðu sveitarfélögin að fara í samstarf og vinna rammahluta aðalskipulags fyrir syðri hluta Svalbarðsstrandarhrepps og nyrsta hluta Kaupangsveitar.

**Í skipulagslýsingunni fyrir Rammahluta aðalskipulagsins er fjallað um þróun íbúðarbyggðar í Vaðlaheiði, en það er sennilega nýmæli að rammahluti nái yfir samliggjandi svæði tveggja sveitarfélaga.**

Skipulagstillagan er nú send umsagnaraðilum til yfirferðar. Erindi þetta verður eingöngu sent í tölvupósti nema fram komi beiðni um annað.

Viðtakandi er góðfúslega beðinn um að koma umsögn um tillöguna á framfæri við undirritaða ekki síðar en miðvikudaginn 3. maí 2023. Ef ekki berst umsögn fyrir þann tíma er litið svo á að ekki sé gerð athugasemd við tillöguna.

Fyrir hönd Eyjafjarðarsveitar og Svalbarðsstrandarhrepps

Með bestu kveðjum

Sigríður Kristjánsdóttir

Skipulagsfulltrúi hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar

[sbe@sbe.is](mailto:sbe@sbe.is)

463-0621

